

54 19. maí 1930, lög nr. 75 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 77 8. apríl 4. júlí 1935. Sömuleiðis falla úr gildi lög nr. 35 12. maí 1930, um skurðgröfur ríkisins, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. á ha., að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr., eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst $\frac{1}{10}$ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyrir ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna viðvikjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

55
4. júlí

L Ö G

um framkvæmdasjóð ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins.** Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrkjöldinni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, ræktunar og býlafjölgunar í sveitum landsins, byggingar verkamannabústaða, skipasmiði, byggingar verksmiðju til herzlu sildarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins $\frac{3}{5}$ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

4. gr.

55

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

56

4. júlí

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

| | Toll- eining | Vöru- magns- tollur Aurar | Verð- tollur % |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|------------------------------------|----------------------|
| Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar: | | | |
| 1. Nr. 3 í 13. kafla orðist svo: | | | |
| 3 — skellakk | 1 kg | 7 | 8 |
| 2. Á eftir nr. 13 í 15. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 13a — tréolia | — | 2 | 8 |
| 3. Nr. 8 í 25. kafla orðist svo: | | | |
| 8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið | — | 7 | 8 |
| 4. Nr. 12 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 12 — maurasýra, oxalsýra, vinsýra, mjólkursýra og benzóesýra | — | 7 | 8 |
| 5. Á eftir nr. 56 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 56a — sölt feilisýra, ót. a. | — | 7 | 8 |
| 6. Nr. 59 í 28. kafla orðist svo: | | | |
| 59 Sótthreinsunarefni, ót. a., efni til varnar gegn og til útrýmingar skordýrum, illgresi og sveppum, ratin og önnur efni til útrýmingar músum og rottum, svo og efni til að hreinsa burtu eða koma í veg fyrir ketilstein, og steinsteypuvatnspéttiefni | — | 7 | 8 |
| 7. Á eftir nr. 60 í 28. kafla komi tvö ný nr., svo hljóðandi: | | | |
| 60a Estur og etur, er notuð eru sem upplausnarefni og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra | — | 7 | 8 |
| 60b Sellulósaderivat, ót. a. | — | 7 | 8 |
| 8. Nr. 32 í 30. kafla orðist svo: | | | |
| 32 — oliufernis | — | 7 | 10 |
| 9. Á eftir nr. 4 í 32. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: | | | |
| 4a súlfórisínöt, súlfóoleöt, súlfóresínöt og alkylsúlföt .. | — | 7 | 8 |
| 10. Nr. 1 í 33. kafla orðist svo: | | | |